

**Nd.**

**380. Nefndarálit**

[72. mál]

um frv. til laga um hægri handar umferð.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Með frumv. því, sem hér um ræðir, er allöng greinargerð. Þar segir m. a.: „Þegar taka skal afstöðu til þess, hvort hafa skuli vinstri eða hægri handar umferð, vaknar fyrst sú spurning, hverjir séu kostir og gallar hvorrar reglunnar um sig. Talið er, að í sjálfu sér hafi hvorug reglan sérstaka kosti umfram hina.“

Ég tel ekki ástæðu fyrir okkur Íslendinga að breyta hér um, og það er raunar ofvaxið mínum skilningi, hvers vegna við ættum nú að fara að kosta mörgum tugum milljóna króna, eða jafnvel 100—130 millj. kr., eins og talið er af sumum að kostnaðurinn muni verða, til þess að taka upp hægri handar akstur, sem í engu er betri en sá vinstri að dómi sérfróðra manna.

Þá telja og flestir, sem um þetta mál hafa talað eða ritað, að aukin slyshætta stafi af breytingunni úr vinstri í hægri handar akstur, og í áður nefndri greinargerð er hún talin „nokkur“.

Ég tel rétt að forðast slysin, vernda mannlíf og spara peningana í þessu máli og legg til, að frumv. verði fellt.

Alþingi, 25. marz 1966.

Óskar E. Levy.